

Fundargerð Fagráðs í nautgripærækt

Árlegur ársfundur Fagráðs í nautgripærækt var haldinn fimmtudaginn 18. mars 2010 að Hvanneyri og hófst kl. 9.00.

Mættir:

Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt

Guðný Helga Björnsdóttir, LK - Formaður fagráðs

Pórarinn Leifsson, LK

Magnús B. Jónsson, BÍ

Sigurður Loftsson, LK

Aðrir fagráðsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt

Gunnar Guðmundsson, BÍ

Baldur Helgi Benjamínsson, LK

Grétar Hrafn Harðarsson, LBHÍ

Þorsteinn Ólafsson, MAST

Forföll boðuðu:

Björn S. Gunnarsson, SAM

Bragi Líndal Ólafsson, LBHÍ

Svana Halldórsdóttir, BÍ

Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir, BÍ – ritari fagráðs

Formaður setti fund og stjórnáði fundi. Í upphafi fundarins tilkynnti formaður um breytingu á skipan fagráðs. Nýr fulltrúi B.Í. Guðný H. Björnsdóttir hefur verið skipuð í stað Svönu Halldórsdóttur.

Fyrir var tekið:

1. Skýrsla formanns.

Formaður fagráðs lagði fram ítarlega skýrslu um starfsemi Fagráðs á liðnu starfsári. Skýrslunni var dreift á fundinum. Hann gerði auk þess nokkur atriði úr starfinu að sérstöku umtalsefni í yfirliti sínu um verkefni ráðsins. Lagði fram yfirlit yfir stöðu þróunarfjár mjólkursamnings. Til ráðstöfunar á árinu 2010 eru 15,8 m.kr en þegar er búið að skuldbinda greiðslur sem nema 3,5 m.kr. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna.

2. Umsóknir um styrki til verkefna í nautgripærækt.

Fyrir fundinum lágu átta styrkumsóknir sem borist höfðu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og óskað var eftir að fagrád í nautgripærækt veitti umsögn um.

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands: Átaksverkefni í bættum árangri sæðinga,
Styrkupp hæð: 1.815.000,-

Frá Bændasamtökum Íslands- Nautastöð: Arfgerðargreining á íslenskum kúm
Styrkupp hæð: 1.000.000,-

Frá Mátis ohf: Meyrnun nautakjöts með marineringu
Styrkumsókn: 3.120.000,-

Frá Mátis ohf: Sérstaða hefðbundins skyr
Styrkupp hæð: 2.468.000,-

Frá Landbúnaðarháskóla Íslands: Kennslubók í nautgripærækt
Styrkupp hæð: 1.420.000,-

Frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Kvígur 24: áhrif mismunandi fódursamsetningar á vöxt
Styrkupp hæð: 1.100.000,-

Frá Landbúnaðarháskóla Íslands: Hraustar kýr. Aukin sjálfbærni í fóðrun mjólkurkúa II
Styrkupp hæð: 2.500.000,-
Frá Landbúnaðarháskóla Íslands: Kvígur 24-II: frjáls aðgangur að sýrðri mjólk
Styrkupp hæð: 1.200.000,-

Umsóknirnar voru afgreiddar með eftirfarandi hætti:

Frá Búnaðarsamtökum Vesturlands: Átaksverkefni í bættum árangri sæðinga,

Umsögn: Fagråd taldi verkefnið athyglivert en hluti þess félli að vinnu ráðunauta í nautgriparækt á viðkomandi svæði. Þá taldi fagråd að verkefnið yrði markvissara með því að fá fleiri samstarfsaðila að því.

Niðurstaða: Fagråd mælir þó með brautargengi verkefnisins.

Frá Bændasamtökum Íslands- Nautastöð: Arfgerðargreining á íslenskum kúm

Umsögn: Mjög þarft og áhugavert verkefni sem brýnt er að komist í framkvæmd

Niðurstaða: Fagråd mælir með verkefninu

Frá Mátis ohf: Meyrnun nautakjöts með marineringu

Umsögn: Verkefnið vel skilgreint og miðar að aukinni nýtingu verðminni hluta fallsins. Það er hins vegar nokkuð í mótsögn við þá áherslu sem nú er lögð á hreinleika og upprunaleika matvöru án íblöndun hjálparefna. Verkefnið miðar einnig að verðmætaaukningu sem skilar sér fyrst og fremst til milliliða en stuðlar ekki að auknum gæðum hráefnis.

Niðurstaða: Fagråd mælir ekki með verkefninu.

Frá Mátis ohf: Sérstaða hefðbundins skyr

Umsögn: Mjög þarft og áhugavert verkefni og stuðlar að því að varðveita þekkingu á matvælaframleiðslu sem er sérstök og upprunaleg íslensk.

Niðurstaða: Fagråd mælir með verkefninu

Frá Landbúnaðarháskóla Íslands: Kennslubók í nautgriparækt

Umsögn: Þarft og löngu tímabært verkefni sem harma ber að ekki er lengra komið en raun ber vitni.

Niðurstaða: Fagråd mælir með verkefninu.

Frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Kvígur 24: áhrif mismunandi fóðursamsetningar á vöxt

Umsögn: Framhald verkefnis sem áður hefur hlotið styrk.

Niðurstaða: Fagråd mælir með verkefninu.

Frá Landbúnaðarháskóla Íslands: Hraustar kýr. Aukin sjálfbærni í fóðrun mjólkurkúa II

Umsögn: Mjög áhugavert verkefni sem hluti rannsókna á fóðrun mjólkurkúa.

Niðurstaða: Fagråd mælir með verkefninu

Frá Landbúnaðarháskóla Íslands: Kvígur 24-II: frjáls aðgangur að sýrðri mjólk

Umsögn: Nýtt verkefni og mjög áhugavert verkefni í rannsóknum á uppeldi nautgripa.

Niðurstaða: Fagråd mælir með verkefninu

3. Skýrslur einstakra samstarfsaðila fagráðs.

Fluttar voru skýrslur samstarfsaðila fagráðs um starfsemi viðkomandi stofnana á sviði nautgripæræktar á liðnu ári. Grétar Hrafn Harðarson flutti skýrslu um starfsemi Landbúnaðaháskóla Íslands, Þorsteinn Ólafsson flutti skýrslu um starfsemi Matvælastofnunar og Gunnar Guðmundsson flutti skýrslu um starfsemi Bændasamtaka Íslands. Í þessum skýrslum kom fram að starfsemi á sviði nautgripæræktar er mikil að vöxtum hjá öllum samstarfsaðilum ráðsins.

4. Önnur mál.

4.1. Borist höfðu þrjár umsóknir í þróunarféð en innan tíðar verður auglýst eftir umsóknum og verður því fjallað um þessar umsóknir ásamt öðrum umsóknum sem berast kunna.

4.2. Þórarinn Leifsson óskaði eftir því að Fagráð ályktaði um að hafnar yrðu tilraunir með brennistein þar sem áburðarsalar væru með órökstuddan áróður fyrir notkun brennisteins. Ákveðið var að hafa samband við sérfræðinga LbhÍ og óska eftir viðbrögðum þeirra.

4.3. Í kjölfar umræðu um rannsóknarverkefni Matís ohf um “Meyrnun nautakjöts með marineringu” var ákveðið að Fagráð hefði frumkvæði að því í samráði við fagaðila að koma af stað verkefni sem hefði vinnutitil “ Bætum gæði nautakjöts” og í því sambandi hafa samband við fræðimenn hjá Matís um verkefnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.

Fundargerð ritaði Magnús B. Jónsson í forföllum ritara.

Að loknum ársfundinum verður boðið upp á almennan bænda fund frá kl. 13.00-17.00 þar sem fjallað var um málefni nautgriparræktarinnar. Flutt voru þrjú framsöguerindi:.

Framtíðaráherslur í íslenskri nautgripærækt:

Magnús B. Jónsson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Úrval út frá erfðamengi (genomic selection) í nautgripærækt .

Jón Viðar Jónmundsson

Erfðamengisval og framfarir í erfðavísindum

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og Jón Hallsteinn Hallsson

Að þeim loknum voru almennar umræður um framsöguerindin og málefni nautgripæræktarinnar. Alls voru mættir um 30 fundarmenn auk fulltrúa í fagráði og urðu mjög málefnalegar og áhugaverðar umræður um nautgripæræktina og þótti fundurinn takast með miklum ágætum.